

Greiðslujöfnuður og erlend staða þjóðarbúsins á fjórða ársfjórðungi 2014¹

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2014 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.²

Viðskiptajöfnuður mældist hagstæður um 26,7 ma.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 43,2 ma.kr. hagstæðan jöfnuð fjórðunginn á undan. Vöruskiptajöfnuður var hagstæður sem nemur 15,4 ma.kr. og þjónustujöfnuður um 11,8 ma.kr. Jöfnuður frumþáttatekna var hagstæður um 3,2 ma.kr. en rekstrarframlög voru óhagstæð sem nam 3,8 ma.kr. Viðskiptajöfnuður án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var hagstæður um 35,6 ma.kr. samanborið við 52,7 ma.kr. fjórðunginn á undan.

Afgangur af þáttatekjum mældist síðast á þriðja ársfjórðungi ársins 2007. Þrátt fyrir afgang nú voru neikvæð áhrif innlánsstofnana í slitameðferð engu að síður mikil. Reiknuð gjöld vegna þeirra námu 14,5 ma.kr. og tekjur um 5,6 ma.kr. Neikvæð áhrif innlánsstofnana í slitameðferð á þáttatekjujöfnuð námu 8,9 ma.kr. Þáttatekjur án áhrifa þeirra voru því hagstæðar um 12,1 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 5.279 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 13.113 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 7.835 ma.kr. og hækkuðu nettóskuldir um 215 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 3.712 ma.kr. og skuldir 3.833 ma.kr. Hrein staða var því neikvæð um 121 ma.kr. og hækkuðu nettóskuldir um 17 ma.kr. á ársfjórðungnum. Í töflu 2 er rakin þróun helstu eigna- og skuldaliða á ársfjórðungnum og eru breytingar sundurgreindar í viðskipti í fjármagnsjöfnuði, gengis- og verðbreytingar og aðrar breytingar. Fjármagnsviðskipti voru töluverð á ársfjórðungnum og lækkuðu erlendar eignir um 403 ma.kr. vegna þeirra en á móti lækkuðu skuldir um 475 ma.kr. Hrein fjármagnsviðskipti leiddu því til um 72 ma.kr. bættrar erlendra stöðu. Hin miklu fjármagnsviðskipti má að stórum hluta rekja til greiðslu slitastjórnar Landsbankans til forgangskröfuhafa sem nam rúmum 400 ma.kr. en

¹ Seðlabanki Íslands innleiddi hinn 2. september 2014 nýja staðla fyrir hagtolur greiðslujafnaðar og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Nánar er greint frá breytingunum í Upplýsingariti Seðlabankans nr. 5, sjá: <http://www.seðlabanki.is/library/Skr%C3%A1arsafn/Uppl%C3%BDsingarit/Uppl%C3%BDsingarit%20nr%20%205.pdf>

² Sjá Hagtolur á <http://www.seðlabanki.is>

einnig greiddi Seðlabankinn fyrirfram tæpa 50 ma.kr. inn á hluta lána frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Áhrif gengisbreytinga á erlenda stöðu þjóðarbúsins voru töluverð en sem dæmi lækkaði gengi krónunnar um tæplega 5% gagnvart Bandaríkjadal og um 1% gagnvart sterlingspundi og evru. Í heild hækkaði þó gengi krónu um 0,5% miðað við gengisskráningarvog. Verð erlendra hluta- og skuldabréfa hækkaði að meðaltali um innan við 1%. Samanlögð áhrif gengis- og verðbreytinga leiddu til lakari stöðu sem nam 187 ma.kr. en á ársfjórðungnum hækkuðu erlendar eignir um 95 ma.kr. og erlendar skuldir um 283 ma.kr. vegna þeirra. Aðrar breytingar á eignum og skuldum leiddu til lakari stöðu sem nam 100 ma.kr.

Endurskoðun á áður birtum tölum

Viðskiptajöfnuður fyrri ársfjórðunga hefur verið endurskoðaður aftur til ársbyrjunar 2011. Mest er endurskoðunin á þriðja ársfjórðungi 2014³ en afgangur af viðskiptajöfnuði þess ársfjórðungs mælist nú um 5 ma.kr. minni en í desember sl. Áhrif endurskoðunarinnar á tölur annarra ársfjórðunga eru mun minni. Erlend staða þjóðarbúsins hefur einnig verið endurskoðuð fyrir sama tímabil. Áhrifa endurskoðunarinnar gætir mest í gögnum fyrir árin 2013 og 2014 en minna í gögnum fyrir árin þar á undan.

Lýsigögn

Ný og endurbætt lýsigögn hafa verið birt fyrir greiðslujöfnuð, erlenda stöðu þjóðarbúsins og erlendar skuldir. Lýsigögnin eru ítarlegri en áður en þar er að finna skilgreiningar á helstu hugtökum ásamt útskýringum á aðferðafræði hagtalnanna.

Undirliggjandi erlend staða

Athygli er vakin á því að í dag er greining á undirliggjandi erlendri stöðu þjóðarbúsins einnig birt á vef Seðlabanka Íslands.

³ Að jafnaði breytast nýjustu tölur mest enda að einhverju leyti byggðar á áætluðum tölum þar sem endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir.

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2013, IV</u>	<u>2014, I</u>	<u>2014, II</u>	<u>2014, III</u>	<u>2014, IV</u>
Viðskiptajöfnuður	22,0	-3,1	6,0	43,2	26,7
Vöruskiptajöfnuður	9,2	-1,1	-14,0	-11,3	15,4
Þjónustujöfnuður	18,9	15,6	32,7	78,7	11,8
Jöfnuður frumþáttatekna	-2,4	-13,5	-9,0	-20,3	3,2
Rekstrarframlög, nettó	-3,6	-4,1	-3,6	-4,0	-3,8
Jöfnuður fjárframlaga	-0,3	-0,6	-0,2	-0,4	-0,4
Fjármagnsjöfnuður	-1,7	18,7	42,1	-10,4	72,0
Bein fjárfesting	-1,0	-2,4	-24,5	-77,7	23,0
Verðbréf	28,3	30,8	5,6	-116,2	-66,4
Afleiður	-0,2	-0,5	-0,2	0,5	-0,5
Önnur fjárfesting	-60,3	0,9	49,4	126,3	138,9
Gjaldeyrisforði	31,4	-10,0	11,8	56,7	-23,0
Skekkjur og vantalið, nettó	-23,4	22,4	36,3	-53,2	45,7

Liðir til skýringar:

Viðskiptajöfnuður án					
áhrifa gömlu bankanna	30,8	5,3	16,0	52,7	35,6

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok Q3 2014	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok Q4 2014
Erlendar eignir, alls	5.664	-403	95	-78	5.279
Bein fjárfesting	2.185	24	39	-81	2.167
Verðbréf	1.335	-58	42	2	1.322
Afleiður	4	-1	-1	10	12
Önnur fjárfesting	1.595	-345	7	-10	1.248
Gjaldeyrisforði	544	-23	8	1	530
Erlendar skuldir, alls	13.284	-475	283	22	13.113
Bein fjárfesting	2.053	1	41	11	2.106
Verðbréf	5.889	8	132	14	6.043
Afleiður	9	0	0	9	18
Önnur fjárfesting	5.333	-484	110	-12	4.946
Hrein staða við útlönd	-7.620	72	-187	-100	-7.835

Liðir til skýringar:

Hrein staða við útlönd án					
innlánsstofnana í					
slitameðferð	-104	5	2	-25	-121

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasíðu Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.